

Efnistaka í Almannaskarði, Sveitarfélaginu Hornafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 26. september 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Litlahorni ehf. um framhald efnistöku, allt að 400.000 m³, úr námu norðan gamla vegarins um vestanvert Almannaskarð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Framhald efnistöku í Almannaskarði. Litlahorn ehf og Stapi jarðfræðistofa. 26. september 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði 21. október 2022
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands 28. september 2022
- Minjastofnun Íslands 21. október 2022
- Náttúrufræðistofnun Íslands 24. október 2022
- Umhverfisstofnun 13. október 2022
- Vegagerðinni 4. október 2022

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 4. nóvember 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í framhaldi efnistöku úr námu norðan við gamla veginn yfir Almannaskarð að vestanverðu. Þar hafa á s.l. 25 árum verið unnir 8–10 þúsund rúmmetrar á ári og heildarmagn efnis sem þegar hefur verið tekið úr námunni er því af stærðargráðunni 200–250 þúsund rúmmetrar. Landið sem um ræðir er í landi Horns, sem er að öllu leyti í eigu framkvæmdaraðila og eiganda Litlahorns ehf. Svæðið sem þegar hefur verið raskað er um 3 ha að stærð og nær úr 40 til 60 m hæð fyrir ofan veginn um Almannaskarð og upp að klettabrún í tæplega 300 m hæð þar sem hæst er. Gert er ráð fyrir að vinnsla næstu 20 ára gæti orðið allt að 20.000 m³ á ári sum árin og að heildarvinnsla næstu 20 ára gæti orðið allt að 400.000 m³ verði aukin eftirspurn eftir fyllingar og vegagerðarefni á svæðinu. Við jafna efnisvinnslu er gert ráð fyrir um tveimur ferðum vörubíls á hverjum degi. Við frágang er reiknað með að kantar námunnar verði jafnaðir í fláa. Nánari grein er gerð fyrir tilhögun efnisvinnslunnar í greinargerð Litlahorns.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Litlahorns og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á ferðamennsku og útivist

Í greinargerð Litlahorns kemur fram að áningarstaður sé efst í Almannaskarði. Þaðan sé víðsýnt og útsýni gott. Náman í Almannaskarði sé í sjónlínu frá útsýnisstaðnum og því verði lögð áhersla á snyrtimennsku á vinnslutíma námunnar.

Í umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að vegurinn um Almannaskarð sé vinsæl gönguleið og mikilvægt að tekið sé tillit til þess við vinnslu í námunni.

Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Í greinargerð Litlahorns kemur fram að náman liggi utan í brattri hlíð, sem sé skriða með um 30° halla frá láréttu. Efnið í skriðunni sé blanda af ýmsum gerðum basalts úr hraunlögum, berggöngum og minni innskotum, auk þess sem eitthvað er af bergi úr innskotsæðum úr granófýr og jafnvel ísúru bergi. Kornastærð sé breytileg frá mélu upp í grjót sem náð geti 1–2 tonnum að stærð. Svæðinu hafi þegar verið raskað með vegagerð og efnistöku. Áhrif efnistökkunnar séu mest neðan til í námunni en auk þess skriði efnið ofan við efnistökusvæðið niður við það að bratti skriðunnar ofan við efnistökusvæðið eykst svo áhrifanna gætir upp að klettabeltinu í um 300 m hæð y.s.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að almennt sé efnistaka úr skriðum óæskileg þar sem hún geti haft veruleg sjónræn áhrif í landslagi og verið til mikilla lýta á umhverfinu. Forðast ætti efnistöku úr skriðum eins og kostur er og alls ekki vera með námur í skriðum á áberandi stöðum í fallegu landslagi. Sérstaklega sé varhugavert að fara með námur djúpt inn í skriðufótinn þar sem það raski jafnvægi skriðunnar og geti valdið hruni, ekki bara úr efri hluta skriðunnar heldur líka úr klettum fyrir ofan þar sem stuðningur við þá minnki.

Mynd 1. Almannaskarðsnáma undir Skarðstindi (mynd af vefnum namur.is)





Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun vekja athygli á því að þessi tiltekna náma sé á vefsetrinu námur tekin sem dæmi um efnistöku í skriðu sem alls ekki eigi að fara fram.

Á vefnum namur.is segir um efnistöku úr námunni:

Óröskuð skriða hefur mótast á löngum tíma í halla sem er stöðugur við um það bil 34°, þ.e. halla 1:1,5. Stundum hefur með efnistöku verið farið djúpt inn í skriðu þannig að jafnvægi hennar raskast og vik myndast í yfirborð hliðarinnar. Við slíka efnistöku og röskun á jafnvægi skriðunnar getur orðið hrun eins og þekkt er víða um land í fögnum skriðum. Þegar efni er tekið djúpt úr skriðu getur reynst mjög erfitt að ganga frá þannig að námusvæðið falli vel að nánasta umhverfi. Dæmi um slíka efnistöku er í skriðu við gamlan veg um Almannaskarð.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð Litlahorns kemur fram að helstu áhrif framkvæmdarinnar séu sjónræn vegna þess að við efnistöku verði grafið 40–50 m inn í skriðufótinn ofan við gamla veginn yfir Almannaskarð, sem liggja í 40–60 m hæð y.s. Þetta hafi þau áhrif að efnið ofan við veginn skriði niður og sá hluti skriðunnar sem sé á hreyfingu stingi í stúf við þann hluta sem hreyfist minna.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að að fallegar og litríkar skriður setji einstaklega glæsilegan svip á landslagið á þessu svæði. Því ætti ekki að taka efni úr þessum skriðum sem muni verða til lýta um alla framtíð. Umhverfisstofnun bendir á að um sé að ræða framkvæmd sem er óafturkræf og möguleikar á mótvægisáðgerðum séu fáir sem engir. Umhverfisstofnun telur að um framkvæmd sé að ræða sem muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og ætti að leita allra leiða til að hindra frekari spjöll á þessum stað.

Í svörum Litlahorns er því samsinnt að sjónræn áhrif efnisvinnslunnar í Almannaskarði séu nokkur og verði það áfram verði efnisvinnsla hætt og náman skilin eftir í því ástandi sem hún er. Til að bæta fyrir þau sjónrænu áhrif sem þarna hafi verið unnin verði hins vegar ekki komist hjá því að útvíkka efnistöku, til vesturs og/eða austurs, þannig að jafnvægi fái á skriðuna yfir stærra svæði. Til að svo megi verða þyrfti að jafna eða vinna meira úr austurkanti námunnar og/eða vinna efni úr „bungunni“ í vesturkanti námunnar. Sé til þess verks vandað ætti að vera hægt að forma skriðuna þannig að ekki verði verulegt lýti af henni til lengri tíma litið. Hugsanlega mætti ná þessu með 100.000–200.000 m³ vinnslu á næstu 10–15 árum og endurmeta stöðuna að þeim tíma liðnum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd samræmist ekki Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030. Þar er náman merkt sem E27 og gert er ráð fyrir efnistöku á bilinu 10.000 til 49.999 m³.

Efnistaka úr Almannaskarðsnámu er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

6 Niðurstaða

Um er að ræða framhald efnistöku, allt að 400.000 m³, úr námu norðan gamla vegarins um vestanvert Almannaskarð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. Gr. og lið 2.02 í 1. Viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. Tl. 2. Viðauka laga nr. 111/2021.



Í gögnum framkvæmdaraðili segir að efnistaka hafi átt sér stað úr námunni frá árinu 1981 og er áætlað að þegar hafi verið teknir um 200.000 til 250.000 m³ úr námunni. Þegar aðalskipulag Hornafjarðar 1998-2018 var samþykkt var ekki gert ráð fyrir efnistöku úr námunni. Árið 2008 var gerð breyting á aðalskipulaginu sem fólst m.a. í því gera ráð fyrir allt að 40.000 m³ efnistöku úr námunni í Almannaskarði. Sú efnistaka sem átt hefur sér stað í Almannaskarði hefur ekki hlotið málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 eða eldri laga um umhverfismat.

Sú efnistaka sem nú er fyrirhuguð, upp á allt að 400.000 m³, er mikil að umfangi. Þar sem efnistakan kemur til með að fara fram neðst í skriðu má gera ráð fyrir að hún komi til með að valda raski á stóru svæði upp eftir skriðunni.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda sbr. 2 tl. 2. Viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdasvæðið er staðsett í innan við 150 m fjarlægð frá Þjóðvegi 1 rétt vestan við gangnamuna ganga í gegnum Almannaskarð. Gamli þjóðvegurinn sem náman er við er í dag vinsæl gönguleið.

Framkvæmdasvæðið nýtur ekki verndar og skriður líkt og sú sem á að taka efnið úr njóta ekki verndar á grundvelli laga um náttúruvernd. Hins vegar eru svæði á náttúruminjaskrá í mikilli nálægð við framkvæmdasvæðið. Það eru fjallendið sunnan Skarðsdals sem nýtur verndar á grundvelli fagurs fjallendis með margvíslegum bergtegnum auk þess sem Skarðsfjörður nýtur verndar vegna lífauðugra leira og grunnsævis með miklu fuglalífi. Framkvæmdin hefur ekki bein áhrif á þau verndarsvæði. Hins vegar hefur fyrirhuguð framkvæmd bein neikvæð og varanleg og óafturkræf áhrif á þær jarðmyndanir sem efni verður numið úr sem og þær landslagsheildir sem einkenna svæðið.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs áhrifa, t.d. með tilliti til stærðar svæðis eða fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Eins og rakið var að framan er um að ræða umfangsmikla efnistöku sem mun hafa áhrif á jarðmyndunina langt upp með skriðunni. Rask vegna efnistökkunnar kemur til með að bætast við það rask sem þegar hefur verið orðið vegna þeirrar efnistöku sem þegar hefur átt sér stað. Að mati Skipulagsstofnunar hefur sú efnistaka sem átt hefur sér stað leitt til umfangsmikilla sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag. Frekari efnistaka er líkleg til að stækka svæðið sem áhrifa gætir og auka þau áhrif verulega. Að mati stofnunarinnar eru áhrifin óafturkræf.

Efnistaka úr skriðu raskar jafnvægi hennar og afleiðingar þess er brattari skriða með óstöðugum bergbrotum sem hrynja af og til árum og jafnvel áratugum eftir að efnistöku er hætt.

Vegna staðsetningar efnistökkunnar er líklegt að margt fólk verði fyrir áhrifum af efnistökkunni, hvort sem um er að ræða göngufólk eða fólk sem á leið um Þjóðveg 1.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun um að fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir framkvæmdaraðila séu óljósar og möguleikar til að beita slíkum aðgerðum séu afar takmarkaðar.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og rakið var hér að framan. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. desember 2022.

Reykjavík, 11. nóvember 2022

Egill Þórarinsson

Sigurður Ásbjörnsson